

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps vegna breyttra almennra ákvæða aðalskipulags og landnotkunar í Höfðabrekku.

Skipulagsstofnun staðfesti 13. maí 2025 breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033 sem samþykkt var í sveitarstjórn 19. mars 2025.

Í breytingunni felst að almennum skilmálum um landbúnaðarsvæði er breytt í greinargerð aðalskipulags, íbúðarbyggð í dreifbýli er heimiluð og breytingar eru gerðar á ákvæðum verslunar- og þjónustusvæða. Auk þess er uppdrátti og greinargerð fyrir Höfðabrekku breytt, þar sem bætt er við svæði fyrir íbúðarbyggð ÍB10 við hlið verslunar- og þjónustusvæðis VP38 Höfðabrekka.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun 13. maí 2025.

f.h. forstjóra

Guðrún Lára Sveinsdóttir

B deild - Útgáfudagur: 27. maí 2025